

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2010/EES/6/49

frá 13. febrúar 2006

um viðurkenningu á því að ítalski gagnagrunnurinn yfir nautgripi er að öllu leyti rekstrarhæfur (*)

(tilkynnt með númeri C(2006) 350)

(Einungis ítalski textinn hefur lagagildi)

(2006/132/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 frá 17. júlí 2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða og niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 820/97 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ítalía hefur lagt fram beiðni um viðurkenningu á því að gagnagrunnurinn, sem er hluti af ítalska kerfinu til auðkenningar og skráningar á nautgripum, sé að fullu rekstrarhæfur samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1760/2000.
- 2) Ítölsk yfirvöld hafa lagt fram viðeigandi upplýsingar sem voru uppfærðar 22. september 2005.
- 3) Ítölsk yfirvöld hafa skuldbundið sig til að bæta áreiðanleika gagnagrunnsins og einkum að sjá til þess að i) viðbótarráðstöfunum, þ.m.t. eftirlit, sé komið til framkvæmda til að bæta fylgni umsjónarmanns við sjö daga frest til að tilkynna um fæðingar, flutninga og dauða, ii) viðbótarráðstöfunum sé komið til framkvæmda til að tryggja fullnægjandi eftirfylgni þegar skekkjur eða yfirsjónir greinast sjálfkrafa eða í vettvangsskoðunum, iii) viðbótarráðstöfunum sé komið til framkvæmda til að tryggja að allir flutningar, einkum til og frá mörkuðum, séu skráðir í gagnagrunninn, iv) viðbótarráðstöfunum sé

komið til framkvæmda til að tryggja að eftirlit með auðkenningu og skráningu nautgripa fari fram í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 ⁽²⁾.

- 4) Ítölsk yfirvöld skuldbundu sig til að koma samþykktum ráðstöfunum til úrbóta til framkvæmda eigi síðar en 31. mars 2006.
- 5) Í ljósi þess sem að framan greinir er rétt að viðurkenna ítalska gagnagrunninn fyrir nautgripi sem rekstrarhæfan að fullu.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ítalski gagnagrunnurinn fyrir nautgripi er viðurkenndur sem rekstrarhæfur að fullu frá 1. apríl 2006.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Lýðveldisins Ítalíu.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 52, 23.2.2006, bls. 33. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2009 frá 17. mars 2009 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 28, 28.5.2009, p. 1.

⁽¹⁾ Stjttíð. EB L 204, 11.8.2000, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með aðildarlögunum frá 2003.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 156, 25.6.2003, bls. 9. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 499/2004 (Stjttíð. ESB L 80, 18.3.2004, bls. 24).